

Miðvikudaginn 1. desember 1965.

Nr. 179/1965. **Magnús Helgason og Oddrún Sigurðardóttir**  
 gegn  
**Þorvaldi Lúðvíkssyni.**

Útivistardómur. Ómaksbætur.

### Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Magnús Helgason og Oddrún Sigurðardóttir, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 úti-  
 vistargjald til rikissjóðs, ef þau vilja fá mál sitt tekið fyrir  
 af nýju.

Einnig greiði þau stefnda, Þorvaldi Lúðvíkssyni, sem sótt  
 hefur dómþing í málinu og krafizt ómaksbóta, kr. 2.500.00  
 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 3. desember 1965.

Nr. 133/1965. **Ákærvaldið**  
 (Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)  
 gegn  
**Ólafi Gunnarssyni (Sigurður Ólason hrl.).**

**D ó m e n d u r :**  
 hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Einar Arnalds, Gizur  
 Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Magnús  
 P. Toríason.

Brot gegn 225. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.  
 Bætur.

### Dómur Hæstaréttar.

Framhaldspróf hafa verið háð í málinu eftir uppsögu  
 héraðsdóms.

Það athugast vegna verknaðarlýsingar í ákæruskjali, að  
 ósannað er, að drengurinn Ívar Valgarðsson hafi vegna  
 meðferðar ákærða á honum hlotið húðrispur þær á hálsi

og úlnlið og mar og þrota á enni, sem í ljós kom við læknis-  
skoðun hinn 14. nóvember 1962.

Ákærði flutti umræddan dreng vegna ætlaðs snjókast  
með valdi frá Eskihlíð í Reykjavík til skrifstofu sinnar  
í húsinu nr. 11 við Tjarnargötu og hélt honum þar um stund.  
Varðar verknaður þessi við 225. gr. laga nr. 19/1940, og  
eru ákvæði greinarinnar tæmandi um brotið. Þar sem fall-  
ast má á ákvörðun héraðsdómara um refsingu, fábóta-  
greiðslu og sakarkostnað, ber að staðfesta hinn áfrýjaða  
dóm að niðurstöðu til að öðru leyti en því, að frestur til  
greiðslu sektar er ákvæðinn 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með  
talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun verj-  
anda sins, kr. 6.000.00.

#### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru  
en því, að greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birt-  
ingu dóms þessa.

Ákærði, Ólafur Gunnarsson, greiði áfrýjunarkostnað  
að sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstar-  
rétti í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun skipaðs verjanda  
sins þar, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr.  
6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. júlí 1965.

Ár 1965, föstudaginn 9. júní, var á dómþingi sakadóms Reykja-  
víkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni  
sakadómar, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3801/1965: Ákæru-  
valdið gegn Ólafi Gunnarssyni, sem tekið var til dóms 30. f. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, útgefinni 16. apríl 1964, gegn  
Ólafi Gunnarssyni starfsfræðslustjóra, Langholtsvegi 39, hér í  
borg, fæddum 30. ágúst 1917 að Stafafelli í Lóni,

„fyrir að hafa þriðjudaginn 13. nóvember 1962, skömmu eftir  
hádegi, þegar ákærði var að aka bifreið sinni, R 12570, frá hús-  
inu nr. 1 við Blönduhlíð í Reykjavík, stöðvað bifreiðina, gripið

drenginn Ívar Valgarðsson, fæddan 9. október 1954, til heimilis að Eskihlíð 20 í Reykjavík, sem stóð þar á götunni og ákærði taldi að hefði kastað snjókúlu í bifreiðina, fært drenginn með valdi og gegn vilja hans inn í bifreiðina og veitt drengnum við það áverka á enni, hálsi og hægri úlnlið, ekið síðan með drenginn á skrifstofu ákærða í Tjarnargötu 11 í Reykjavík og látið drenginn dvelja þar, meðan ákærði ræddi um drenginn við móður hans, Björgu Ívarsdóttur, skólastjóra Hamrahlíðarskóla, Magnús Sigurðsson, og föður drengsins, Valgarð Kristjánsson borgardómara, og að því loknu sent drenginn í leigubifreið til fyrrgreinds skólastjóra. Var þá liðin um það bil hálf til heil klukkustund, frá því að ákærði hafði tekið drenginn.

Telst þetta aðallega varða við 116. gr. og 226. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 43. gr. laga um vernd barna og unglinga nr. 29/1947, en til vara við 116. gr. og 225. gr. almennra hegningarlaga og 43. gr. nefndra laga nr. 29/1947.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Laust eftir hádegi þriðjudaginn 13. nóvember 1962 leitaði frú Björg Ívarsdóttir, Eskihlíð 20, til lögreglunnar út af því, að barni hennar hefði verið rænt og hefði ákærði unnið það verk. Væri barnið nú í skrifstofu ákærða, sem teldi, að það hefði kastað snjó í bifreið hans. Lögreglumenn fóru til fundar við ákærða í skrifstofu hans, en í þann mund var ákærði að senda frá sér barnið.

Ákærði skýrði svo frá, að umræddan dag hafi hann verið í bifreið sinni við Blönduhlíð 1 hér í borg og beðið eftir konu sinni. Hann hafi tekið eftir tveimur drengjum, sem verið hafi að hnoða snjóbolta. Nú hafi konan komið og sett inn í bifreiðina og ákærði ekið af stað, en þá hafi annar drengjanna kastað snjó í bifreiðina. Þá kveðst ákærði hafa stöðvað bifreiðina og farið út og tekið dreng þann, sem kastað hafði, og sett hann inn í aftursæti bifreiðarinnar. Þá segist hann hafa ekið að Drápuhlíð 42, þar sem konan hafi farið úr bifreiðinni, en ekið síðan með drenginn til skrifstofu sinnar í Tjarnargötu 11 og farið þar inn með hann. Hann segist hafa reynt að ná sambandi við föður drengsins, en ekki tekizt, og hringt þá til móðurinnar. Hann hafi ætlað sér að koma drengnum til foreldra hans og óska þess, að vandað yrði um við hann, en móðir drengsins hafi orðið mjög æst og hann hafi ekki getað rætt málið á þessum grundvelli. Þá hafi hann hringt til Magnúsar Sigurðssonar, skólastjóra

Hlíðaskóla, þar sem drengurinn var nemandi, og sagt honum frá töku drengsins og óskað þess, að hann léti sækja drenginn, en þar sem Magnús hafi ekki getað komið því við, hafi hann að ósk Magnúsar sent drenginn til hans í leigubifreið.

Ákærði kveðst ekki hafa beitt drenginn neinum harðræðum, og hann hafi ekki orðið fyrir áverkum af sínum völdum. Markmiðið með aðgerðum sínum hafi verið uppeldislegt og miðað að því að koma í veg fyrir, að drengurinn endurtæki óknytti sína.

Í skriflegri skýrslu, sem ákærði hafði sent rannsóknarlögreglunni í nóvember 1962, hafði ákærði lýst atvikum nokkru nánar. Hann kvað drenginn hafa æpt nokkuð, á meðan hann setti hann inn í bifreiðina, en róazt svo og sagt deili á sér. Hann kvaðst hafa spurt drenginn að því, hvort honum hefði ekki verið bannað að henda snjó í bíla, en drengurinn hafi neitað því. Í skýrslu þessari lýsir ákærði því, að móðir drengsins hafi verið mjög æst í símtali þeirra og talið drenginn í mikilli hættu hjá sálarfræðingi, þar sem sálarfræðingar væru sálarlausir. Ákærði skýrir þar einnig frá því, að faðir drengsins hafi náð í hann símleiðis, nokkru áður en drengurinn fór frá honum. Hann hafi verið mjög kurteis, en þótt miður, að ákærði hefði farið með drenginn á skrifstofu sína.

Drengur sá, sem um er að ræða, heitir Ívar, fæddur 9. október 1954, sonur Valgarðs Kristjánssonar borgardómara og Bjargar Ívarsdóttur konu hans. Samkvæmt framburði Bjargar fór Ívar út umræddan dag eftir hádegið til að leika sér. Rétt fyrir kl. 13 sögðu leikfélagar Ívars Björgu, að maður hefði ráðizt að Ívari fyrir utan húsið og sagt, að hann gerði þetta, vegna þess að hann hefði kastað snjó í bifreið hans. Björg kvaðst þá hafa farið út að leita drengsins, farið m. a. í Hlíðaskóla, en ekki fundið hann, og þá farið heim og hringt til lögreglu og beðizt aðstoðar. Eftir það hafi ákærði hringt til hennar og sagt, að hann hefði tekið drenginn og farið með hann í skrifstofu sína, og hefði hann gert þetta, vegna þess að hann hefði kastað snjó í bifreið sína. Hann hafi sagzt mundu senda drenginn upp í skóla. Björg kveðst hafa reiðzt ákærða mjög, og hafi orðið nokkur orðaskipti milli þeirra.

Björg segir, að Ívar hafi eftir þenna atburð haft kúlu á enni og rispur á hálsi og úlnlið, og hafi hann sagzt hafa fengið ákomur þessar í viðureigninni við ákærða. Hún segir, að Ívar hafi neitað því, að hann hefði kastað snjó í bifreiðina, en ákærði hafi

lagt að honum að viðurkenna það. Þó segir hún, að Ívar hafi viðurkennt það fyrir ákærða, er hann hótaði honum, að hann hefði kastað snjóbolta, en hann hafi jafnan sagt síðan, að hann hefði ekki gert það. Ívar var ekki yfirheyrður, að öðru leyti en því, að hann var viðstaddur, er skýrsla var tekin af móður hans fyrir rannsóknarlögreglu. Eftir að meðferð máls þessa hófst, og liðin voru um 2 ár frá atburðinum, taldi dómarrinn ekki fært að taka skýrslu af honum um þenna atburð.

Björg telur, að drengurinn hafi orðið fyrir áfalli af þessu atviki. Hann hafi verið slæmur á taugum á eftir, vaknað upp um nætur og hrópað: Hann er að taka mig, og annað svipað. Hann hafi tekið til að væta rúm, sem ekki hafði komið fyrir mörg ár, verið órólegur og lausari við nám en fyrr. Telur Björg, að hann hafi þurft eina þrjá mánuði til að jafna sig.

Rannsóknarlögreglan talaði við þrjú börn, sem höfðu verið nærstödd, er umræddur atburður gerðist. Sagðist ein 10 ára telpa hafa séð Ívar kasta snjó í bifreið ákærða, en hin börnin töldu sig ekki hafa séð slíkt. Kona, sem rannsóknarlögreglan átti tal við, skýrði svo frá, að börnin hefðu verið í snjókast, en hún virðist ekki hafa veitt ákærða eða bifreið hans athygli, fyrr en ákærði var kominn út úr henni.

Vitnið Magnús Sigurðsson, skólastjóri í Hlíðaskóla, segir, að ákærði hafi hringt til hans og sagt sem svo: „Ég var að taka strák frá þér.“ Hann hafi sagt, að drengurinn hefði kastað snjó í bíl hans. Það ákærði Magnús að sækja drenginn, en Magnús kvaðst ekki hafa tíma til þess, en þar sem honum skildist, að snjócastið hefði átt sér stað við skólann, það hann ákærða að senda sér drenginn. Hann hafi síðan komið í leigubíl. Magnús segir, að sér hafi ekki þótt laust við, að drengurinn væri hræddur, er hann kom til hans, en hann hafi tekið það svo, að drengurinn óttaðist, að hann mundi ávíta hann. Ekki hafi drengurinn tjáð sig um það, hvort hann hefði kastað snjó í bifreið ákærða, enda kveðst Magnús einskis hafa spurt.

Hinn 14. nóvember 1962 skoðaði Tryggvi Þorsteinsson læknir drenginn í Slysavardstofunni, og kom þá eftirfarandi í ljós samkvæmt vottorði læknisins, dags. 15. nóvember 1962:

„1) Lítils háttar mar og þroti hægra megin á enni og niður á augnlokið.

2) Húðrispur neðarlega á hálsi hægra megin.

3) Rispa 5—6 cm löng lófamegin á úlnlið hægri handar.

Dálitill roði kringum rispuna.

Önnur meiðsli komu ekki í ljós.“

Kennari Ívars í Hlíðaskólanum, Sigríður Þóranna Jónsdóttir, hefur komið fyrir dóm og borið vitni. Segir hún Ívar námfúsan, og hafi honum gengið vel í skólanum. Hún segir, að er drengurinn kom í skólann, daginn eftir að umræddur atburður varð, hafi hann verið nokkuð miður sín, fögur yfirlitum og, að því er virtist, með mar eða bólgu á enni. Næstu viku hafi hann verið áberandi utan við sig og sótt námið verr en áður. Undir vorið hafi hann þó verið búinn að ná sér, og hann hafi tekið mjög gott próf. Sigríður segir, að Ívar sé viðkvæmur, þrúður og vel greindur og hafi jafnan borið af um framkomu og námsgetu.

Sannanir hafa að vísu ekki komið fram um, að drengurinn hafi kastað snjó í bifreið ákærða. Hitt þykir þó víst, að ákærði hafi litið svo á, að hann hafi handsamað drenginn af þeim ástæðum, og, svo sem áður greinir, taldi ákærði markmið sitt hafa verið „uppeldislegt“ og miða að því að koma í veg fyrir, að drengurinn héldi áfram óknyttum. Ákærði hefur með öðrum orðum farið að, líkt og hann færi með löggæzluvald. Að vísu er eigi með öllu ljóst, hvar draga skuli mörkin fyrir athafnafrælsi manna að þessu leyti. En þegar litið er til allra atvika málsins, svo sem þess að ákærði tók drenginn höndum gegn vilja hans fyrir utan heimili hans, færði hann inn í bifreið sína, gerði hvorki aðstandendum drengsins né lögreglu viðvart að sinni, heldur ók með drenginn til skrifstofu sinnar í miðbænum og tók hann þar inn með sér og tók þá fyrst að reyna að ná sambandi við foreldra hans, verður að líta svo á, að hann hafi tekið sér opinbert vald, sem hann ekki hefur, og brotið þannig í bága við 116. gr. almennra hegningarlaga. Þykir ákvæði þetta taka yfir sök ákærða, þannig að önnur ákvæði, sem í ákæru greinir, eigi ekki við.

Refsing ákærða, sem eigi hefur fyrr sætt refsingu, þykir hæfilega ákveðin 2.500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 5 daga varðhald fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Valgarður Kristjánsson hefur komið að bótakröfu á hendur ákærða fyrir hönd sonar síns Ívars í máli þessu. Krafan er þessi:

1. Kostnaður af lækni skoðun ..... kr. 200.00
2. Bætur vegna áverka og þjáninga  
og röskunar á heimilisfriði ..... — 10.000.00

---

Kr. 10.200.00

Ákærði mótmælir kröfu þessari.

Eftir framangreindri niðurstöðu þykir ákærði bótaskyldur gagnvart drengnum. Fyrri liður kröfunnar er rökstuddur. Drengurinn þykir einnig eiga rétt á þjáningabótum fyrir handtökuna. Þykja bætur til hans hæfilega ákveðnar kr. 3.000.00.

Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar á meðal kr. 4.500.00 í málssóknarlaun til ríkissjóðs samkvæmt 1. mgr. 143. gr. laga nr. 82/1961 og kr. 4.500.00 í málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns.

#### Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Gunnarsson, greiði 2.500.00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi 5 daga varðhald fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði Valgarði Kristjánssyni f. h. Ívars Valgarðssonar kr. 3.000.00.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 4.500.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4.500.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

---

Mánudaginn 6. desember 1965.

Nr. 111/1964. **Jóhannes Jóhannesson** (Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

**Smiðjunni s/f og gagnsök**

(Guðjón Styrkársson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skuldamál og skaðabóta.

#### Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. júlí 1964. Gerir hann þessar dómkröfur:

„Aðallega, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í